

## Ágæti umráðamaður búfjár

Matvælastofnun biður þig vinsamlegast að kynna þér vel þær leiðbeiningar sem hér eru gefnar um skráningu og skil haustskýrslu búfjárefirlits 2011. Einnig viljum við vekja sérstaka athygli á að eigendum búfjár gefst tækifæri á að skila haustskýrslu á rafrænu formi. Þeir sem kjósa að nýta sér þann möguleika geta nálgast aðgang að haustskýrslu sinni á síðunni [www.bustofn.is](http://www.bustofn.is)

Nánari leiðbeiningar um notkun og útfyllingu má finna á [www.bustofn.is](http://www.bustofn.is) auk heimasíðu Matvælastofnunar [www.mast.is](http://www.mast.is). Á heimasíðu stofnunarinnar má einnig nálgast upplýsingar um skráningar á fjölda búfjár og fóðurbirgða ásamt upplýsingum um starfandi búfjárefirlitsmenn.

Aðgengi að haustskýrslu í **Bústofni** er fengið með rafrænu auðkenni og opnast aðgangur þegar kennitala og lykilorð hafa verið skráð. Lykilorð er hér það sama og veflykill sá sem nýttur er til skila á skattframtali. Veflykill verður að vera svokallaður aðallykill og hann þarf að hafa verið virkjaður (*Varanlegur*).

Sérstök athygli er vakin á allir útreikningar fóðurbirgða eru auðveldaðir þegar haustskýrslu er skilað á rafrænan máta. Þeir sem kjósa að skila haustskýrslum framvegis á rafrænu formi geta afþakkað frekari pappír með því að skrá í valkvæðan reit á haustskýrslunni. Sama á við vilji menn heimila að tryggingafélagi (VÍS) verði veittar upplýsingar um bústofn sinn.

Óskað er eftir að farið verði yfir forskráðar upplýsingar og að umráðamenn búfjár geri viðvart ef um ranga skráningu er að ræða. Nýskráningu umráðamanns búfjár eða breytingar umráðamanna skal tilkynna viðeigandi búfjárefirlitsmanni. Aðrar athugasemdir og eða beiðnir um leiðréttingar á forprentuðum upplýsingum skal senda með tölvupósti á netfangið [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is).

Einnig viljum við vekja athygli á að eingöngu er einn umráðamaður búfjár skráður á hvert búsnúmer.

**Þeir sem velja að skila útfylltri haustskýrslu til búfjárefirlitsmanns skili, fyrir 20. nóvember n.k. Skil haustskýrslu á rafrænan hátt skal lokið fyrir 10. desember n.k.**